

AUGLÝSING

63

19. apríl

um afnám reglugerðar nr. 176 14. sept. 1939, um sölu á kolum til húsa.

Reglugerð nr. 176 14. september 1939, er hér með úr gildi numin.

Þetta tilkynnist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Viðskiptamálaráðuneytið, 19. apríl 1948.

Emil Jónsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

HAFNARREGLUGERÐ

64

21. apríl

fyrir Sandgerði í Miðneshreppi.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Hafnarsvæðið er öll Sandgerðisvík, ásamt víkum og vogum, sem takmarkast að sunnan af Búðarhólma, Munkasetri og áframhaldandi af Bjárskerseyri, en að norðan bein lína úr Þorvaldi í fjörumörk milli Sandgerðis og Flankastaða.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Að nýafstöðnum hreppsnefndarkosningum skal hreppsnefnd Miðneshrepps kjósa 5 menn í hafnarnefnd, og jafnmarga til vara. Kjörtímabil hafnarnefndar er hið sama og hreppsnefndar. Hafnarnefnd sér um viðhald og endurbætur hafnarinnar og stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta. Hafnarnefnd annast reikningshald og fjárvörzlu hafnarsjóðs fyrir hönd hreppsnefndar, enda ber sveitarsjóður ábyrgð á eignum og skuldbindingum sjóðsins.

3. gr.

Til þess að standast kostnað við hafnarmannvirki og árlegan reksturskostnað, skal stofna hafnarsjóð. Í hafnarsjóð renna allar tekjur, sem ákveðnar eru með reglugerð þessari. Við lok hvers rekstursárs skal hafnarnefnd semja reksturs- og efnahagsreikning sjóðsins, og ber henni að hafa fullgert reikninginn ekki síðar en í febrúarlök næsta reikningsárs. Reikningar skulu endurskoðaðir og úrskurðaðir á sama hátt og hreppsreikningar.

Fyrir 1. nóv. ár hvert skal hreppsnefnd hafa samið og lagt fyrir hreppsnefnd Miðneshrepps frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal síðan fullsemja áætlunina og senda hana samgöngumálaráðuneytinu til staðfestingar fyrir árslok ásamt nauðsynlegum skýringum á gjalda- og tekju-liðum.

4. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.